



ERINDISBRÉF

Starfshópur um nýtt neyðarhúsnæði fyrir heimilislausa karla

Ábyrgðarmaður: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Inngangur:

Á fundi velferðarráðs þann 25. maí 2022 var svohljóðandi tillaga samþykkt:

Lagt er til að samþykkt verði heimild til að ráða í 6,4 stöðugildi til að bæta þriðja starfsmanni á vaktir í neyðarskýlum borgarinnar að Grandagarði 1a og Lindargötu 48, vegna aukinnar ásóknar í skýlin. Kostnaður vegna stöðugildanna er 46 m.kr á árinu, sem rúmast ekki innan fjárheimilda sviðsins. Enn fremur að velferðarsviði verði veitt heimild til að taka á leigu tímabundið húsnæði með auknum gistimöguleikum til að svara aukinni eftirspurn.

Félagsbústaðir eiga hentugt húsnæði í miðborg Reykjavíkur sem mætti nýta undir neyðarhúsnæði. Það þarf að gera ákveðnar endurbætur á húsnæðinu, s.s. að skipta um eldhúsinnréttingu, mála o.fl. Fyrirhugað er að neyðarhúsnæðið verði tilbúið til innflutnings í október n.k. Á heimilinu eru sex einstaklingsherbergi, auk starfsmannaðstöðu. Í bílskúr sem innangengt er úr húsinu er ráðgert að sé neyðarpláss fyrir tvo einstaklinga.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að hefja undirbúning að opnun neyðarhúsnæðis fyrir 6-8 húsnæðislausa karla í miðborg Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir að húsnæðið verði tilbúið til innflutnings í október n.k.

Helstu verkefni:

- Leggja fram kostnaðarmetna tillögu um rekstur neyðarhúsnæðisins, en gengið skal út frá því að þau 6,4 viðbótarstöðugildi sem samþykkt hafa verið séu nýtt í nýju úrræði. Tillagan verður lögð fyrir fund velferðarráðs þann 14. september n.k. Gert er ráð fyrir að íbúar greiði leigu af húsnæðinu.
- Kortleggja húsnæðis- og stuðningsþarfir hóps karla sem sækir neyðarskýlin reglulega og gæti nýtt sér neyðarhúsnæðið.
- Vinna verklag um framkvæmd þjónustunnar, þ.m.t. hvernig stuðningi verði háttað með áherslu á uppbyggingarstarf í lífi einstaklingsins.
- Tryggja að gerðar verði einstaklingsáætlanir með þeim sem fá úthlutað og skýra hvernig hlutverki málstjóra er háttað gagnvart hverjum og einum.
- Leggja drög að húsreglum þar sem m.a. kemur skýrt fram hvaða skilyrði eru sett fyrir heimsóknnum gesta á heimilið.
- Yfirfara fyrirliggjandi búsetu- og þjónustusamninga með tilliti til markmiða úrræðisins.
- Fara yfir öryggismál sér í lagi m.t.t. viðkvæmrar stöðu íbúa.
- Vinna náð með íbúum að samskiptasáttmála á grundvelli samvinnu, samhjálp, trausts og virðingar þar sem m.a. verða lagðar fram tillögur að húsreglum og dagskipulagi.
- Fylgja verkefninu eftir til 30. nóvember 2022 og leggja fram drög að því hvernig árangur úrræðisins verður mældur í samstarfi við teymi árangurs og gæða á velferðarsviði.
- Leggja fram drög að kynningar- og samskiptaáætlun gagnvart nágrönnum.



Starfshópurinn skipa:

Helga Sigurjónsdóttir, deildarstjóri skrifstofu velferðarsviðs sem jafnframt leiðir hópinn.

Ricardo M. Villalobos, deildarstjóri skrifstofu velferðarsviðs.

Soffía Hjördís Ólafsdóttir, deildarstjóri málaflokks heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir, Vesturmiðstöð.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leitar ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á, s.s. Vesturmiðstöð og skrifstofu fjármála og reksturs.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skal skila ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir 7. september n.k. en starfstími hópsins er til 31. desember 2022.

Reykjavík, 5. ágúst 2022

Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri

Hjálagt:

[Velferðarráð - Fundur nr. 429 | Reykjavík](#) – sjá tillögu og greinargerð liður 4.